

91. ársþing UMSK – Þinggerð

91. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 26. febrúar 2013 kl. 18.00 í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.

1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Valdimar sagði m.a. að aðildarfélög innan UMSK væru 46, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 44 deildir. Félagsmenn eru 66.111 og þar af eru 27.273 iðkendur í 30 íþróttagreinum. Valdimar greindi frá því að UMSK hefur verið í stefnumótunarvinnu þar sem reynt var að finna farveg fyrir sambandið til framtíðar. Einnig lagði Valdimar áherslu á að við þurfum að horfa til þeirra hópa sem ekki finna sig í hefðbundnum íþróttum og þeirra sem detta út úr starfi félaganna.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Jónu Dís Bragadóttur. Tillaga um þingforseta samþykkt.

3. Kosning fyrsta og annars þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur. Tillaga um þingritara samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þá Þorstein Ragnarsson, Hestamannafélaginu Spretti, formaður kjörbréfanefndar Magnús Jakobsson, Breiðabliki og Torfa Jóhannsson, HK
Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt samhljóma.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 4. gr. laga UMSK. Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK.

6. Endurskoðaðir reikningar ársins 2014 lagðir fram

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMSK fór yfir endurskoðaða reikninga sambandsins. Samkvæmt ársreikningi voru rekstrartekjur krónur 75.418.774 og rekstrargjöld voru krónur 72.880.910. Hagnaður ársins fyrir vexti var því krónur 2.537.864 og hagnaður með vöxtum krónur 2.965.777.

7. Ávörp gesta

1. Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri stjórnar Ungmennafélags Íslands (UMFÍ)

Helga flutti kveðju á þingið frá formanni, stjórn og starfsfólki UMFÍ. Helga sagði m.a. ánægjulegt að sjá hve UMSK væri vel rekið, vel mætt á þingið og „að við mættum alls ekki gleyma því hversu mikilvægt starf ykkar sjálfbóðaliða er. Ykkur ber að þakka gott starf í þágu íþrótt- og æskulýðsmála og við eigum að vera dugleg við að hrósa hvort öðru. Ykkar starf er ómetanlegt“, sagði Helga.

Hún benti þingfulltrúum á að kynna sér góða ársskýrslu UMSK og benti á bls 18 og 19 í ársskýrslunni þar sem farið er yfir það helsta í störfum UMFÍ. Þar er af heilmiklu að taka. Hún rakti síðan það helsta í starfi UMFÍ og hvatti þingmenn til að kynna sér Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og Umhverfissjóð UMFÍ og að sækja um styrki í þá sjóði.

Hún sagði jafnframt að ekki megi gleyma landsmótunum og í ár verði Landsmót UMFÍ 50 + haldið helgina 26. – 28. júní á Blönduósi. Unglingalandsmótið verði haldið um verslunarmannahelgina á Akureyri. Helga hvatti þingmenn til þess að mæta með sitt fólk á bæði mótin. Talaði um að vænta megi breytinga á Felix kerfinu sem flest okkar þekkja, það á að gera kerfið notendavænna. Unnið er að stefnumótun UMFÍ og von um að þeirri vinnu ljúki nú í ár.

Stefnt er að ráðningu nýs framkvæmdastjóra á næstu mánuðum en Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri lætur af störfum eftir 22ja ára starf sem framkvæmdastjóri UMFÍ.

Tekjur UMFÍ er að stærstum hluta lottótekjur. Að lokum þakkaði Helga UMSK fyrir hönd UMFÍ fyrir gott samstarf.

2. Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í stjórn ÍSÍ

Fyrir hönd ÍSÍ, flytur hann kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og starfsfólks. Þakkar fyrir ánægjulegt og gott og gefandi samstarf liðinna ára.

Hafsteinn sagði m.a. „þetta er glæsileg skýrsla sem liggur fyrir þessu þingi“. Hann er nokkuð kunnugur fjárhagnum að hann er í góðu lagi sem skoðunarmaður reikninga sambandsins veit hann að fjárhagurinn er í lagi.

Það er þróttmikið starf hjá UMSK, mörg góð verkefni sem UMSK er að sinna, við söguritun og stefnumótunarvinnan sem er ánægjulegt verkefni sem á vonandi eftir að skila öllu fram veginn.

Af ÍSÍ vettvangi þá er náttúrulega Lífshlaupið, það er eitthvað sem er að ljúka og uppskeruhátíðin verður í hádeginu á morgun.

Síðan er það stóra verkefnið á árinu Smáþjóðaleikarnir á Íslandi og fyrir okkur að halda Smáþjóðaleika er miklu umfangsmeira verkefni heldur en fyrir stórþjóðir að halda Olympíuleikana. Þetta er stórt og mikið verkefni sem við erum að standa fyrir í sumar. Vonandi gengur allt upp og verður sómi að, það verður það því að íþróttahreyfingin leggst á árarnar með ÍSÍ og árangurinn verður í samræmi við það, allir leggjast á eitt og það verður okkur öllum til sóma.

Hann sagðist alltaf hafa það að vana að nefna alltaf Getspá og Getraunir á öllum þingum sem hann mætir á fyrir hönd ÍSÍ. Þið heyrðuð það á gjaldkera hér áðan að þetta er eitthvað sem skiptir máli fyrir fjárhag sambandsaðilana og áfram frá sambandsaðilum fara fjármunir út í hreyfinguna. Þetta eru allt saman krónur sem skipta máli þegar þær eru komnar á sinn áfangastað. Við þurfum að muna það að þetta eru okkar fyrirtæki og að við þurfum að standa vörð um þau. Við eigum líka að nýta okkur þá tekjumöguleika sem að þau gefa okkur og þá er hann að vísa sérstaklega til Getrauna. Sumir eru að ná að skila góðum tekjum t.d. er UMSK eitt og sér er að fá hér tæpar tvær milljónir af Getraunum. Félögin eru að fá mun meira en það. Þessir tekjumöguleikar, þeir skipta máli.

Að lokum kallaði Hafsteinn Öldu Kolbrúnu Helgadóttur upp til að sæma hana silfurmerki ÍSÍ. Alda er okkur kunn, hún var í stjórn UMSK til nokkurra ára og verið virk í hreyfingunni nokkuð lengi og skilað miklu starfi til hreyfingarinnar og fyrir það sæmum við hana silfurmerki ÍSÍ.

Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki

Alda byrjaði að æfa handbolta og frjálssar með Stjórnunni. Hún gekk til liðs við Breiðablik árið 1968 en það ár keppti hún sinn fyrstu leiki á Landsmót UMFÍ á Eiðum fyrir UMSK. Hún spilaði með ungingalandsliðinu 1977 við Færeyjar, norðurlandamót í Vanersborg í Svíþjóð og með A-landaliðinu á norðurlandamót í Finnlandi. Alda keppti í handbolt á öllum Landsmótum UMFÍ fyrir UMSK frá 1968 – 1984. Flest árin sigraði UMSK í handbolta á Landsmótum.

Á þessum árum var kvannahandboltinn hjá Breiðabliki með sterkt lið og var mjög góð liðsheild sem æfði mörg ár saman undir stjórn Péturs Bjarnasonar þjálfara.

Þegar Alda spilaði handbolta æfði hún og keppti einnig í frjálsum íþróttum, aðalega spjótkesti og á hún marga sigra í þeirri grein.

Í mörg ár stýrnaðir Alda íþróttaskóla Breiðabliks ásamt Aðalsteini Jónssyni.

Alda var í nokkur ár í aðalstjórn Breiðabliks og í stjórn UMSK frá 2008 til 2014.

8. Álit kjörbréfanefndar

Þorsteinn Ragnarsson, formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarfélaga.

46 félög eru aðildarfélög að UMSK og lögðu 17 félög fram kjörbréf samtals 67 þingfulltrúar mættir af 165 sem seturétt hafa á þinginu. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Valdimar Leó Friðriksson fór yfir umsóknir tveggja nýrra félaga að sambandinu. Stjórn UMSK hefur yfirfarið þau og staðfest og sömuleiðis hefur ÍSÍ samþykkt lög. Óskað var eftir staðfestingu þingsins.

Félögin eru:

Lyftingafélag Kópavogs

Heimilisfang : Kópavogur

Tilgangur félagsins er íþróttaiðkun og þjálfun í lyftingum og kraftlyftingum.

Formaður Jens Andri Fylkisson

Jónína Sveinbjarnardóttir kynnti félagið

Þingið staðfesti aðild félagsins í UMSK

Lyftingafélag Garðabæjar

Heimilisfang: Garðabær

Tilgangur félagsins er að stuðla að uppbyggingu ólympískra lyftinga í Garðabæ og nágrenni og að vinna að framgangi ólympískra lyftinga í Garðabæ og nágrenni.

Formaður Árni Björn Kristjánsson

Þingið staðfesti aðild félagsins í UMSK

Matarhlé

Afhending viðurkenninga

Viðurkenningar á 91. ársþingi UMSK:

Næst var afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður og Magnús Gíslason, varaformaður, afhentu eftirtaldar viðurkenningar:

Afreksbikarar:

- 1. Sundbikar UMSK – Aníta Ósk Hrafnadóttir, Breiðabliki*
- 2. Frjálsíþróttabikar UMSK – Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki*
- 3. Fimleikabikar UMSK – Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu*
- 4. Dansbikar UMSK – Elfar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir, DÍK*
- 5. Skíðabikar UMSK – Erla Ásgeirsdóttir, Breiðabliki*
- 6. UMFÍ bikarinn – Meistaraflokkur Stjórnunnar í knattspyrnu karla*
- 7. Félagsmálaskjöldur – Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu*
- 8. Íþróttakarli UMSK – Daníel Laxdal, Stjörnunni*
- 9. Íþróttakona UMSK – Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu*

Starfsmerki UMSK:

Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélagin.

Eftirtaldir aðilar hljóta starfsmerki UMSK:

Ása Inga Þorsteinsdóttir, Gerplu
Axel Ólafur Þórhannesson, Gerplu
Guðmundur Þór Brynjólfsson, Gerplu
Hlín Bjarnadóttir, Gerplu
Lórens Rafn Kristvinsson, Íþróttafélaginu Glóð
Algirdas Slapujas, Stál-úlfur
Svava Ýr Baldvinsdóttir, Aftureldingu
Gunnar Kristleifsson, Aftureldingu
Ólafur Tthoroddsen, Aftureldingu
Ellen Ruth Ingimundardóttir, Aftureldingu
Richard Már Jónsson, Aftureldingu
Brynhildur Jónsdóttir, Aftureldingu
Guðjón Helgason, Aftureldingu
Hekla Klemensdóttir, Aftureldingu
Andrea Magdalena Jónsdóttir, Aftureldingu

Fundi fram haldið

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði.
Hún var samþykkt samhljóma.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Þingforseti opnaði umræður um reikningana UMSK
Reikningar bornir upp til samþykktar.
Þeir voru samþykktir samhljóma.

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal þriggja manna kjörnefnd

Engar nefndir voru skipaðar á þinginu aðrar en kjörnefnd.
Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörnefnd, þau
Kristján Jónatansson, Breiðabliki,
Sigurbjörgu Björgvinsdóttur, Íþróttafélaginu Glóð og
Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur, Aftureldingu.
Þingið samþykkti þau samhljóða.

Tillögur lagðar fyrir þingið

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Tillaga nr. 1

Tillaga frá stjórn UMSK. Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri lagði fram tillöguna.

91. ársþing UMSK haldið í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar 26. febrúar 2015, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir UMSK 2015:

Fjárhagsáætlun 2015 - Frá stjórn UMSK

| | Áætlun 2014 | Raun 2014 | Áætlun 2015 |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Tekjur: | | | |
| Íslenskar Getraunir | 1.800.000 | 1.877.391 | 1.900.000 |
| Lottó ÍSí | 25.000.000 | 27.719.058 | 27.500.000 |
| Lottó UMFÍ | 32.000.000 | 34.960.120 | 35.000.000 |
| Skattar aðildarféлага | 1.200.000 | 1.261.500 | 1.300.000 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSí | 4.500.000 | 4.746.815 | 5.500.000 |
| Aðrir styrkir og tekjur | 1.000.000 | 783.861 | 1.500.000 |
| Tekjur samtals | 65.500.000 | 71.348.745 | 72.700.000 |
| Gjöld: | | | |
| Lottó úthlutað til aðildarféлага | 45.000.000 | 50.703.963 | 49.500.000 |
| Úthlutað úr Afreksmannasjóði | 3.000.000 | 4.720.000 | 3.500.000 |
| Launakostnaður | 8.200.000 | 8.183.659 | 8.750.000 |
| Kostnaður vegna mótahalds | 1.750.000 | 1.850.000 | 1.750.000 |
| Annar kostnaður: | | | |
| Stefnumótun | 1.255.000 | 1.586.823 | 0 |
| Rekstrarkostnaður | 1.340.000 | 1.154.330 | 1.850.000 |
| Ferðakostnaður | 25.000 | 0 | 50.000 |
| Framlög og styrkir til féлага | 1.000.000 | 1.494.686 | 1.250.000 |
| Landsmótssjóður | 500.000 | 0 | 250.000 |
| Söguritunarsjóður | 500.000 | 1.534.000 | 500.000 |
| Húsaleiga | 670.000 | 532.012 | 550.000 |
| Þing og sérráð | 600.000 | 1.004.289 | 1.000.000 |
| Umhverfissjóður UMFÍ | 220.000 | 229.155 | 230.000 |
| Fræðslumál | | | 1.000.000 |

| | | | |
|--------------------|------------|------------|------------|
| Gjöld samtals | 64.060.000 | 72.931.912 | 70.180.000 |
| Rekstrarniðurstaða | 1.440.000 | 1.962.914 | 1.440.000 |

Þingforseti bar fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram

Tillaga nr. 2

Tillaga að breytingu á lögum UMSK - Frá stjórn UMSK
Frummælendur eru Magnús Gíslason og Lárus B. Lárusson

91. ársþing UMSK haldið í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar 26. febrúar 2015, samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum UMSK:

Þingforseti opnaði fyrir umræður um breytingu á lögum UMSK og lagði til að hver og ein grein væri tekin til umfjöllunar og samþykkt. Þingfulltrúar samþykktu það samhljóða.

(Það sem tekið er út er yfirstrikað en viðbætur undirstrikaðar)

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósinaresýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósinn, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til aðildar að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, og Íþróttasambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til aðildar í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. gr. Starfsskýrslur

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum fyrir 15. apríl 1. júní ár hvert. Fyrir 1. apríl 1. júní ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins með árituðum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir tilsettan þennan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspar þar til skýrslur berast.

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Umræður:

Fulltrúi frá Stjórnunni vildi koma því á framfæri að í lögum félagsins (Stjórnunnar) er heimilt að halda aðalfund félagsins fram til 15. maí sem þýðir það að þær dagsetningar sem þarna eru gefnar springa ef félagið ákveður að nýta sér þá heimild. Þeir leggja því til að það verði breytingartillaga um að þessum dagsetningum verði breytt. Með leyfi forseta leyfði fulltrúi Stjórnunnar sér að hoppa í 6. greinina, þar sem þar er nákvæmlega sama þar sem segir „Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.“ Ef Stjarnan starfar innan sinna laga og heldur ekki aðalfund fyrr en 15. maí þá getur félagið ekki staðið við þessar dagsetningar.

Lögð var fram breytingartillaga um að dagsetningum verði breytt, í stað 1.apríl standi 1. júní.

Þingforseti bar upp breytingartillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

4. gr. Starfsskýrslur

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila ársskýrslum sínum til sambandsins með árituðum ársreikningi. Berist ársskýrslur ekki fyrir tilsettan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspar þar til skýrslur berast. Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tvöggja vikna fyrirvara 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

Umræður:

Eiríkur Guðjónsson, Ungmennafélaginu Álftanesi kvaddi sér hljóðs og sagðist vera á móti þessu ákvæði um að ekki megi leggja fram tillögur á héraðsþingum nema með 20 daga fyrirvara. Það geti enginn boðið sig fram nema að stjórn geti brugðist við með löngum fyrirvara, það finnst honum óeðlilegt, segir þetta ekki í anda ungmennafélagshreyfingarinnar að komið sé í veg fyrir að hægt verði að bjóða sig fram á aðalfundi héraðssambandsins. Þetta er allt orðið skipulagt og verður leiðinlegt. Hann er á móti þessu ákvæði í greininni og kvartar yfir því að hafa ekki fengið send gögnin fyrir þetta héraðsþing og þess vegna ekki getað undirbúið sig.

Engin breytingartillaga var lögð fram

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

5. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

Tillagan var samþykkt en 2 voru á móti.

6. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSí. Héraðsþing ákveður skatt aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir ~~1. apríl~~ **1. júní** ár hvert.

Umræður:

Fulltrúi frá Stjórnunni vildi koma því á framfæri að í lögum félagsins (Stjórnunnar) er heimilt að halda aðalfund félagsins fram til 15. maí sem þýðir það að þær dagsetningar sem þarna eru gefnar springa ef félagið ákveður að nýta sér þá heimild. Þeir leggja því til að það verði breytingartillaga um að þessum dagsetningum verði breytt. Með leyfi forseta leyfði fulltrúi Stjórnunnar sér að hoppa í 6. greinina, þar sem þar er nákvæmlega sama þar sem segir „Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.“ Ef Stjarnan starfar innan sinna laga og heldur ekki aðalfund fyrr en 15. maí þá getur félagið ekki staðið við þessar dagsetningar.

Lögði var fram breytingartillaga um að dagsetningu verði breytt, í stað 1.apríl standi 1. júní.

Þingforseti bar upp breytingartillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

6. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSí. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. júní ár hvert.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er skoðast lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

7. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing skoðast lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. ~~Endurskoðaðir reikningar lagðir~~ **Áritaður ársreikningur af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.**
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar áliti.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - e. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er haldið.
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

Umræður:

Umræður um 6. lið.

Þorsteinn Ragnarsson, Hestamannafélaginu Spretti hvaddi sér hljóðs og sagði:

Í 9. grein 6. lið „Endurskoðaðir reikningar lagðir fram“. Þar sem endurskoðun er varið starfsheiti þá stingur hann upp á því að 6. liður hljóði svo:

Áritaður ársreikningur skoðunarmanna lagður fram

Þorsteinn lagði fram skriflega breytingartillögu við 6 liðinn.

Hafsteinn Pálsson ÍSÍ kvaddi sér hljóðs og sagði:

Það mætti mistúlka þetta með því að segja áritaður ársreikningur skoðunarmanna, þetta eru reikningar stjórnar, veltir vöngum yfir hvað væri rétta orðalagið á þessu. Hann er sammála því að

endurskoðaðir reikningar er ekki rétt. Umræður spunnust um 6. liðinn og ýmsar hugmyndir komu úr sal. Þingmenn komu sér saman um að tillagan verði svo:

Breytingartillaga 6. liðar er svohljóðandi:

**„Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður“ fram.
Þingforseti bar upp breytingartillöguna og var hún samþykkt samhljóða.
Þingforseti bar upp breytingu á 3. lið og var hún samþykkt samhljóða.**

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

9. gr. Dagskrá héraðspings

Störf héraðspings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitum nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - e. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er haldið.
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

Forseti bar upp 9. grein í heild sinni og var hún samþykkt samhljóða.

11. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. ~~Heimilt er stjórninni~~ Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skjlt er stjórninni Stjórninni er skylt að halda fund-boða til fundar með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

11. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er skylt að boða til fundar með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist ~~sambandsstjórn 15~~ skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendast sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við ~~samþykki~~ þeirra staðfestingu ÍSÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Umræður:

Helga Jónhannesdóttir, Aftureldingu, lagði fram skriflega svohljóðandi breytingartillögu:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ „og UMFÍ“, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Þingforseti bar upp breytingartillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillöguna svohljóðandi:

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp lagabreytingarnar í heild sinni og voru þær samþykktar samhljóða.

15. Aðrar tillögur lagðar fram

Tillaga nr. 3

Tillaga að breytingu á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK - Frá stjórn UMSK.

Frummælandi er Guðmundur Sigurbergsson.

91. ársþing UMSK haldið í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar 26. febrúar 2015, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Afreksmannasjóð UMSK:

(það sem tekið er út er yfstrikað en viðbætur undirstrikaðar)

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í landslíðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum, innanlands og utan og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).

Verður:

1. Þátttaka í landslíðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
2. Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.

Engar breytingar

3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.

Engar breytingar

4. Almennt skal miða við að styrkuppþæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.

Þessi liður fellur út og í stað hans kemur:

4. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstakling innan sama árs.

Verður:

4. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaklinga innan sama árs.

Hér var settur inn nýr liður

5. Stjórn sjóðsins ákveður lágmarksupphæð hverju sinni og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.

Umræður um 5 lið.

Magnús Jakobsson Breiðabliki kvaddi sér hljóðs. Það er hér breyting á sumu sem mig langar að fá skýringu við sem er komið nýtt í reglugerðina og þá varðandi 5. liðinn sem er nýr liður í reglugerðinni. Þessi sjóður hefur verið gegnum gangandi sem nokkurs konar ferðasjóður ekki beint sem afrekssjóður heldur ferðasjóður til þeirra sem hafa verið að fara í ferðalög eins og kemur fram í 1. greininni. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni, o.s.frv. eins og stendur í 3ja liðnum. Við erum svo heppin í UMSK að eiga fólk sem er að ná þessu og vera valin í þessa hópa og við erum með fólk sem hefur verið valið í Olympíuhóp fyrir Olympíuleikana í Ríó. Það sem er nýtt núna er að stjórn sjóðsins ákveður lágmarksupphæð hverju sinni sem markast náttúrulega af fjármagni sjóðsins og til viðbótar er að mót innanlands eru styrkt um helming af þeirri upphæð. Spurningin er í hverju felst þetta? Nú þarf að leita samþykkis eða viðurkenningar um mótahaldið hjá viðkomandi sérsambandi eins og hjá frjálsíþróttasambandinu þegar þeir hafa gefið út viðurkenningu á þeim ferðum sem hafa verið farnar á vegum frjálsíþróttasambandsins og eru styrktar af UMSK en hvernig kemur til með að líta út þegar fólk er að fara á mót, hvaða mót þetta eru innanlands hvort það eru meistaramót í viðkomandi sérsambandi, bikarkeppni eða hvort þetta eru almenn mót sem eru haldin fjarri starfssvæði UMSK. Langar að fá nánari skýringu á því hvað felst í þessum styrkjum til innanlandsmóta.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK svarar spurningum Magnúsar Jakobssonar. Það sem átt er við hér er að nú er það að koma í ríkara mæli að Norðurlandamót og Evrópumót, mögulega heimsmeistaramót eru haldin á Íslandi. Þetta eru þau mót sem styrkt eru um helming af þeirri uppæð sem sjóðurinn ákveður. Það er ekki verið að opna á ný mót, heldur eingöngu í þeim tilfellum eins og var þegar fimleikamót var hér í vor, það er í raun verið að opna þann möguleika að hægt sé að styrkja þátttakendur á þessum mótum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, og heimsmeistaramótum ef þau fara fram á Íslandi. Það er í raun sú lína sem verið er að leggja fram að það sé heimilt að styrkja það fólk sem fer á slík mót á Íslandi. Það er ekki verið að opna fyrir einhverja aðra tegund af mótum

Ásta spyr:

Landsliðsferðin, er það smáþjóðaleikar?

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK

Það er horft á þetta þannig að það að vera valin í landslið eitt og sér er nægjanlegur árangur þó svo landsliðið fari á æfingamót erlendis sem ekki er Evrópumót eða Norðurlandamót eða Heimsmeistaramót sé hægt að styrkja þátttakanda sem valinn er í landsliði og fer á þess vegna, æfingamót.

6. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.

Verður:

Liður nr. 5 verður að lið nr. 6.

7. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.

Verður:

Liður nr. 6 verður að lið nr. 7.

8. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.

Verður:

Liður nr. 7 verður að lið nr. 8.

9. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.

Verður:

Liður nr. 8 verður að lið nr. 9.

Nokkrar umræður urðu um 10 liðinn og lögðu Hafsteinn Pálsson, ÍSí og Eiríkur Guðjónsson, Ungmennafélaginu Álftanesi fram svohljóðandi breytingartillögu:

10. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins.

Verður:

10. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins.

Verður:

Liður nr. 9 verður að lið nr. 10.

Tillagan hljóðar því svo:

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
2. Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
4. Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaklings innan sama árs.
5. Stjórn sjóðsins ákveður lágmarksupphæð hverju sinni og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.
6. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
7. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
8. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
9. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.
10. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins.

Þingforseti bar reglugerðina upp í heild sinni og var hún samþykkt samhljóða.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir

Liður ekki á dagskrá.

17. Afgreiðsla á álitum nefnda

Liður ekki á dagskrá.

18. Önnur mál

a) Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs

Þingforseti bar upp tillögu fjögurra manna sem kost gáfu á sér í stjórn Afreksmannasjóðs, þau eru:

Auður Þorsteinsdóttir, Gerplu

Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki

Bjarki Már Sverrisson, Aftureldingu og

Björgvin Jóníusson, UMF Álftanes

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin.

Hafsteinn Pálsson, ÍSÍ

Flytur okkur kveðju bæjarstjórans, Haraldar Sverrissonar en hann var tvíbókaður og átti ekki möguleika á að koma hér. Því er hér með komið á framfæri. Mikil ánægja fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar að þingið skuli haldið í Mosfellsbæ hér í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, eins og hann heitir. Hafsteinn rakti sögu framhaldsskólans, sem er byggður af ríkinu með þátttöku bæjarins og prósentuhlutföllin eru 60% og 40% og var arkitekta samkeppni um húsið og bæjarbúum finnst nokkuð vel hafi tekist til og sé sómi af þessu húsi við Bjarkarholtið í miðbæ og hjarta bæjarins. Skólastarfið er stöðugt að eflast og hefur eflst mikið við það að flytja úr gamla húsinu, þar sem það byrjaði, þar var frekar þröng á þingi og ánægjulegt að sjá þetta starf koma hér í bæinn og gera það mögulegt fyrir þá sem sækja hingað skóla að nota tímann frekar í nám og leik heldur en í ferðir. Það skiptir miklu máli til framtíðar lítið fyrir lífsgæði unglínganna okkar hérna í bænum að geta frekar notað þennan tíma sem annars færi í ferðir í að annaðhvort til þátttöku í íþróttum eða öðru félagsstarfi eða til þess að stunda námið að enn meiri krafti.

Hafsteinn lauk máli sínu með kveðju frá Haraldi Sverrissyni, bæjarstjóra þar sem að hann biðst velvirðingar á því að hafa ekki komist á þingið.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK

Hann vildi aðeins nefna það að á síðasta ársþingi KSÍ var borin upp tillaga sem skiptir okkar knattspyrnufélög og knattspyrnudeildir mjög miklu máli. Þessi tillaga var samþykkt með naumum meirihluta. Þetta er svokölluð ferðakostnaðartillaga og hún snýst um það að það er settur upp pottur það eru 11,2 milljónir sem að þau félög sem ferðast styðst eru að greiða til hinna félaganna. Veit ekki hvor ykkur er þetta kunnugt en þarna eru t.d. upphæðir eins og það að Gróttu þarf allt í einu að fara að borga 460.000 krónur til hinna félaganna, sem er líklega hæsta upphæðin. Það eru nokkrir með 153.000 krónur og líkast til kemur þetta verst við minni félögin okkar eins og Stálúlf, Vatnaliljur, Skínanda, Hvíta riddarann o.s.frv. sem eru að borga á bilinu 50.000 – 150.000 krónur í þennan sjóð. Valdimar vildi vekja athygli okkar á þessu og sagðist hafa nefnt það bæði við formann og framkvæmdastjóra KSÍ í lok þingsins að sennilega kæmi nú breytingartillaga við þetta aftur að ári, þegar menn eru búnir að átta sig á og sumir fá náttúrulega sjokk, minnir að Afturelding og Stjarnan verði á bilinu 300.000 – 500.000 þúsund. Hins vegar, þegar deilurnar voru sem mestar á þinginu, að formaðurinn tilkynnti að hann mundi leita allra leiða til þess að finna þetta fé annars staðar þannig að hann þyrfti ekki í framtíðinni að fara svona á milli félaga. Valdimar vildi bara benda á þetta hérna fyrir þá sem eru með knattspyrnudeildir eða knattspyrnufélög og flokka að kíkja endilega á þessa samþykkt. Valdimar reyndi að leggja fram breytingartillögu um að þetta tæki gildi eftir eitt ár en það tókst ekki þannig að þetta skellur á núna strax, endilega að skoða þetta í vor eða sumar og vera þá tilbúin á næsta ári ef menn vilja breytingar.

19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit

Það er formaður nefndarinnar, Kristján Jónatansson sem gerir grein fyrir störfum hennar.

Hér er plagg frá nefndinni um tillögur, það hefur enginn komið að máli við nefndina um önnur nöfn, þannig að formaðurinn lesa upp þessar tillögur í einu lagi og svo tekur þingforseti við og ber þær undir atkvæði.

- a. Formaður til eins árs, Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu.
- b. Tveir stjórnarmenn til tveggja ára, Magnús Gíslason, HK og Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki. Þeir sem sitja áfram, sem voru kosnir á síðasta þingi, eru Margrét Björnsdóttir, Ými og Lárus B. Lárusson, Gróttu.
- c. Kosið skal í varastjórn til eins árs, Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu, Þorsteinn Þorbergsson, Stjörnunni og Sólveig Jónsdóttir, Gerplu.
- d. Skoðunarmenn reikninga, Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og skoðunarmenn til vara, Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbnum Oddi.

Þingforseti upplýsti að nú verði gengið til kosningu stjórnar

a) Kosning formanns til eins árs

Í kjöri var Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu og var hann kosinn einróma. Skoðast hann því rétt kjörinn formaður UMSK til eins árs.

b) Kosning tveggja stjórnarmanna.

Í kjöri voru Magnús Gíslason, HK og Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og voru þeir kosnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir til næstu tveggja ára. (Margrét Björnsdóttir, Ými og Lárus B. Lárusson, Gróttu sitja áfram).

c) Kosning þriggja manna í varastjórn til eins árs

Í kjöri voru Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu, Þorstienn Þorbergsson, Stjórnumni og Sólveig Jónsdóttir, Gerplu

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Skoðunarmenn til vara.

Í kjöri voru þeir Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbnum Oddi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir sem varamenn skoðunarmanna.

e) Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið

Fundurinn fól stjórn UMSK það mál.

20. Þingslit

Nýkjörinn formaður, Valdimar Leó Friðriksson sagði dagskrána tæmda og vildi fyrir sína hönd og annarra stjórnarmanna þakka fyrir traustið. Valdimar velti upp hugmynd sem menn hafa nú áður nefnt af og til, hvort eigi í framtíðinni að breyta lögunum þannig að þingið verði haldið á tveggja ára fresti. Formannafundur í gegnum tíðina hafa ekki verið vel sóttir. Menn hafa yfirleitt nefnt það að þeim finnist ágætt að hafa þingið árlega þar sem menn koma saman í þrjár klukkustundir og fara yfir reikninga og starfið o.s.frv. en hann velti þessu svona fram upp á framtíðina hvort við eigum að huga að því að hafa þetta á tveggja ára fresti. Að lokum þakkaði nýkjörinn formaður fyrir gott samstarf og gott þing og vona að það verði þannig áfram og lísti þingi slitið.

Þingi slitið kl. 20:18

Þingritari,

Margrét Björnsdóttir ritari í stjórn UMSK